

Kennari:

Guðrún S Magnúsdóttir
Vala Hrund Jónsdóttir

Kennslufyrirkomulag:

Kennsla inn í bekk, samþætt verkefni í Stapamix
þemum, heimalestur og önnur heimavinna.

Tímafjöldi:

4 X 20 mínútur, auk samþættingar í Stapamixi.

Bekkur:

8. bekkur

Íslenska í Aðalnámskrá grunnskóla

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Jafnframt er lestur öflugt tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti ein af nauðsynlegum forsendum þátttöku í samfélaginu. Skólinn er virkur þátttakandi í máluppeldi barna ásamt heimilum þeirra. Þetta veldur því að námsgreinin íslenska hefur ákveðna sérstöðu meðal annarra námsgreina skólans.

Hlutverk íslenskukennslu og máluppeldis er víðtækt og margbrotið. Mál og bókmenntir eru menningararfur þjóðarinnar og ber að rækta, virða, njóta og þróa. Sá arfur tengist því hversu sjálfsgott þú þykir á Íslandi að læra að lesa, skrifa og beita máli svo skiljist. Íslenskukennsla hefur einnig það hlutverk að efla tjáningu og sköpun í töluðu máli og rituðu, nota málið og kynnast mætti þess. Gott og ríkulegt talmál er ein meginforsenda samskipta og miðlunar og svo á einnig við um ritmálið sem er miðill sköpunar og birtir nýja þekkingu. Nám í móðurmálinu á að taka mið af þessu og þar á að fræða um mál og bókmenntir og ekki síst efla færni í málnotkun. Við lok grunnskóla á nemandi að geta gert sér grein fyrir stöðu sinni og ábyrgð sem málnotanda. Hann á að átta sig á því að þegar skóla sleppir er það á hans ábyrgð að rækta og nýta málið sem tæki til náms, samskipta og þátttöku í lýðræðissamfélagi. Það er réttur hvers manns að öðlast þekkingu og færni í máli. Það skiptir einnig miklu að barn með annað mál en íslensku eigi þess kost að læra íslensku svo vel að það geti tekið fullan þátt í samfélaginu, notið menningar og átt þátt í því að móta hana.

Margþætt hlutverk náms í íslensku kallar á samstöðu og samstarf innan skóla um máluppeldi. Megintilgangi íslenskukennslu má skipta í fjóra þætti:

- Talað mál, hlustun og áhorf. Nemendur þurfa að fá þjálfun annars vegar í framburðar- og framsagnarþætti, og hins vegar í frásagnar-, samræðu-, rökræðu- og umræðuþætti.
- Lestur og bókmenntir. Góð lestrarfærni er undirstaða ævináms. Nemandinn þarf að ná sjálfstæði í lestrinum og læra að beita aðferðum við lestur og skilning sem hann velur í samræmi við tilgang lestrar. Mikilvægt er að bæta stöðu þeirra sem gengur illa að læra að lesa. Nemendur þurfa að kynnast fjölbreyttum bókmenntum og læra að nýta bókmenntafræðileg hugtök í eldri bekkjum grunnskólans.
- Ritun: Greina má þjálfun í ritun í tvo megin þætti. Annars vegar er textinn sjálfur, svo sem val á textagerð, skipan efnispáttá, málsnið, mál og stíll. Hins vegar eru tæknileg atriði, þ.e. skrift, stafsetning, uppsetning og frágangur texta. Nemendur þurfa að læra að gagnrýna og endurskoða eigin texta, og taka uppbyggilegri gagnrýni frá öðrum og nýta hana til að bæta ritsmíðar sínar.
- Málfræði: Markmið málfræðikennslu er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfræði, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Málfræði og kennsla hennar má ekki vera einangrað fyrirbæri í kennslunni heldur virk athugun á texta og töluðu máli, ekki síst í umfjöllun um texta nemenda sjálfra.

Íslenska í Stapaskóla

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi geti:</i>	Leiðir:
Talað mál, hlustun og áhorf	<p>Leikritið Nýju fötin keisarans</p> <p>Hugmyndir nemenda</p> <p>Kvikmyndir í tengslum við bókmenntalestur:</p> <ul style="list-style-type: none"> • Englar alheimsins • Bjarnfreðarson • Gauragangur • Lof mér að falla <p>Logar, Neistar og Kveikjur</p> <p>Lesfimiþjálfun</p> <p>Matsrammi fyrir lesfimi</p>	<p>Flytur mál sitt skýrt og áheyrilega og hefur tileinkað sér viðeigandi talhraða og fas.</p> <p>Gerir sér grein fyrir eðli góðrar framsagnar og framburðar og nýtir leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall, hrynjandi og fas og lagar það að viðtakanda og samskiptamiðli á fjölbreyttan hátt, m.a. með leikrænni tjáningu</p> <p>Hlustar, tekur eftir og nýtir sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks og skemmtunar.</p> <p>Nýtur myndefnis, upplestrar, leikins efnis og tónlistar og gerir grein fyrir skoðun sinni á viðkomandi efni.</p> <p>Nýtir sér fjölmiðla, svo sem útvarp, sjónvarp, kvikmyndir og rafrænt efni, og tekur afstöðu til þess sem þar er birt.</p>	<p>Yndislestur</p> <p>Býflugnalestur</p> <p>Leiklestur</p> <p>Leikræn tjáning</p> <p>Lestur fræðitexta</p> <p>Uppllestur</p> <p>Frásagnir</p> <p>Umræðu- og spurnaraðferðir</p> <p>Samræður</p> <p>Málfundir</p> <p>Rökæfingar</p> <p>Hlustunarverkefni</p> <p>Hljóð- og myndupptökur</p> <p>Innlögn</p> <p>Áhorf</p> <p>Orðaleit</p> <p>Hugtakavinna</p> <p>Framer kort</p> <p>Venn myndir</p> <p>Orð vikunnar</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Þjálfunaræfingar</p> <p>Þrautalausnir</p> <p>Flæðiritun</p> <p>Ferliritun</p> <p>Skapandi skrif</p> <p>Ritgerðarskrif</p> <p>Heimildarritun</p> <p>Skapandi skil</p> <p>Kannanir á forms</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Jafningjamat</p>
Lestur og bókmenntir	<p>Yndislestrarbækur</p> <p>Bókaklúbbsbækur (skáldsögur eftir ísl. höfunda)</p> <p>Skólavefurinn</p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Þjóðsögur og goðafræði, valið efni</p> <p>Logar, Neistar og Kveikjur</p> <p>Bragfræði</p> <p>Verkefni á Nearpod</p> <p>Lesskilningsæfingar</p> <p>Hugfinnur</p> <p><i>Uppflettirit:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • malid.is 	<p>Les almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, leggur mat á þá og túlkar.</p> <p>Skilur mikilvægi þess að geta lesið og eft eigið læsi í því skyni að auðga mál sitt, og valið og beitt mismunandi aðferðum við lestur.</p> <p>Getur sýnt aldurssamsvarandi orðaforða í könnun.</p> <p>Notar þekkingu og reynslu ásamt ríkulegum orðaforða við lestur og skilning á texta.</p> <p>Getur greint og skilið aðalatriði og aukaatriði í margs konar texta og glöggvað sig á tengslum efnisatriða.</p>	<p>Hugtakavinna</p> <p>Framer kort</p> <p>Venn myndir</p> <p>Orð vikunnar</p> <p>Paravinna</p> <p>Hópavinna</p> <p>Vettvangsferðir</p> <p>Þjálfunaræfingar</p> <p>Þrautalausnir</p> <p>Flæðiritun</p> <p>Ferliritun</p> <p>Skapandi skrif</p> <p>Ritgerðarskrif</p> <p>Heimildarritun</p> <p>Skapandi skil</p> <p>Kannanir á forms</p> <p>Sjálfsmat</p> <p>Jafningjamat</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • snara.is 	<p>Gerir sér grein fyrir eðli og einkennum margvíslegra textategunda og getur gert öðrum grein fyrir því.</p> <p>Les, túlkar, metur og fjallar um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir og gerir sér grein fyrir gildi bókmennta.</p> <p>Getur greint muninn á ólíkum frásagnarformum bókmennta t.d. þjóðsögum, ljóðum, goðsögnum, Íslendingasögum og skáldsögum af ýmsu tagi.</p> <p>Beitir nokkrum grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og sögusviði og kannast við myndmál, algengustu tákn og stílbrögð.</p> <p>Getur notað algeng hugtök í bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið. Þekkir hugtökin rím, ljóðstafir, hrynjandi, líkingar og boðskapur.</p> <p>Les og túlkar ljóð af ýmsum toga og frá ýmsum tímum.</p> <p>Velur sér lesefni til gagns og ánægju og getur gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann.</p> <p>Kemur fram sem sjálfstæður lesandi sem gerir sér grein fyrir gildi þess að lesa.</p>	<p>Leiðbeinandi samtöl</p>
<p>Ritun</p>	<p>Textar og hugmyndir nemenda.</p> <p>Stuttar ritunaræfingar</p> <p>Efni frá kennara</p> <p>Logar, Neistar og Kveikjur</p> <p>Beinagrindur</p> <p>Ritver Háskóla Íslands</p> <p>Námsefni og verkefni í náttúrufræði og samfélagsfræði, t.d. Sögugáttin</p>	<p>Hefur góða skriftarfimi og skrifar læsilega.</p> <p>Getur notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa, tekið við endurgjöf á eigin vinnu og nýtt hana til að bæta verkið.</p> <p>Getur samið texta frá eigin brjósti og er óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun.</p> <p>Sýnir virðingu við mál, texta og lesanda með því að beita reglum um réttiritun (stafsetning og greinarmarkjasetning) og notar til þess hjálpartæki þegar það þarf.</p>	

	<p><i>Uppflettirit:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • malid.is • snara.is • skrambi.arnastofnun.is 	<p>Getur valið og skrifað mismunandi textagerðir sem hæfa viðkomandi verki, svo sem frásagnir, leiðbeinandi texta og sannfærandi texta, og beitt mismunandi orðaforða og málsniði við hæfi.</p> <p>Gerir sér grein fyrir lesanda og miðar samningu við hann.</p> <p>Beitir skipulögðum vinnubrögðum við ritun, skipar efnisatriðum í röklegt samhengi og mótar málsgreinar og efnisgreinar.</p>	
<p>Málfræði</p>	<p>Textar nemenda Efni frá kennara Málebra, vefur Logar, Neistar og Kveikjur Skólavefurinn Málvísir Gullvör</p> <p><i>Uppflettirit:</i></p> <ul style="list-style-type: none"> • malid.is • snara.is 	<p>Gerir sér grein fyrir eigin máli og hefur skilning á gildi þess að bæta það og rækta orðaforðann.</p> <p>Gerir sér grein fyrir margræðni orða og velur orð í tali og ritun í samræmi við málsnið.</p> <p>Getur bent á og beitt mismunandi málnotkun og málsniði eftir efni og tilefni.</p> <p>Notar fleyg orð, algeng orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt.</p> <p>Þekkir og getur beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.</p> <p>Áttar sig á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gerir sér gein fyrir hlutverki þeirra í eigin texta og annarra.</p> <p>Nýtir reglur um orðmyndun og einingar orða við ritun.</p> <p>Beitir þekkingu sinni á málfræði til að búa til setningar, málsgreinar.</p> <p>Gerir sér grein fyrir fjölbreytileika málsins. Áttar sig á staðbundnum, starfstengdum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun og þekkir til helstu framburðarmállýskna.</p>	

		<p>Nýtir orðaforða sinn, áttar sig á og beitir sköpunarmætti tungumálsins, m.a. við ritun, tal, við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap.</p> <p>Áttar sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenskan, séu sífellt að breytast.</p> <p>Gerir sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli, ábyrgð sinni við að bæta mál sitt og getur nýtt þekkingu sína á íslenskri málfræði við nám í erlendum tungumálum.</p>	
<p>Námsmat:</p>	<p>Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið í leiðsagnarhefti sem skráð eru jafnóðum á hæfnikort í Mentor. Lögð er áhersla á að námsmat sé leiðbeinandi fyrir nemendur og alltaf í samræmi við stöðu þeirra og vísi þeim veginn áfram í námi.</p> <p>Lesfimiþróf eru þrisvar sinnum yfir veturinn, í september, janúar og maí. Mældur er hraði og mat er lagt á upplesturinn; tjáningu, sjálfvirkni, hljómfall og flæði. Hjá nemendum sem mælast undir viðmiði 1 er líka gerð mæling á sjónrænum orðaforða og orðleysum til að fylgjast með undirþáttum lestrarins.</p> <p><u>Viðmið í lestri:</u> Miðað er við að nemendur nái að lesa á hraðanum 130-180 í 8. bekk og leggi áherslu á að bæta lesskilning og hæfni til að túlka texta.</p> <p>Lesskilningskönnunin Orðarún er lögð fyrir tvisvar yfir árið, í október og febrúar.</p> <p>Orðaforðakönnunin Orðalykill er lögð fyrir í janúar.</p> <p>Ritunarverkefni verða lögð fyrir til námsmats tvisvar sinnum á árinu og hafa nemendur þá haft tíma til að vinna drög, fullan texta og endurskoða verkið sitt áður en það er tekið til lokamats.</p> <p>Lykilhæfni: Samþætt námskrá á unglíngastigi Stapaskóla.</p> <p>Auk þess að unnið sé að hæfniviðmiðum í íslensku er lögð áhersla á að þjálfa lykilhæfni nemenda í öllu daglegu starfi. Námskrá í lykilhæfni er því í vinnslu samhliða greinanámskránni.</p>		

Námsmat

Námsmat Stapaskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu.

Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- **Framúrskarandi:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu *umfram* þá hæfni sem viðmiðið setur
- **Hæfni náð:** ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- **Á góðri leið:** ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- **Þarfnast þjálfunar:** ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði
- **Lokið:** nemandi hefur lokið við verkefni
- **Ólokið:** nemandi hefur ekki lokið við né skilað verkefni
- **Undanþága:** nemendi hefur undanþágu frá verkefni af einhverjum ástæðum

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Lokið
	Ólokið
	Undanþága

Tenglar á kennsluefni sem nefnt er hér að framan:

[Nýju fötin keisarans](#)

[Í ljósi sögunnar](#)

[Logar](#)

[Neistar](#)

[Kveikjur](#)

[Lesfimi þjálfun](#)

[Matsrammi fyrir lesfimi](#)

[Skólavefurinn](#) (aðgangur í Stapaskóla, útprentað efni)

Goðafræði, [valið efni](#)

[Þjóðsögur: Gegnum holt og hæðir](#)

[Þjóðsögur: Trunt, trunt og tröllin](#)

[Hugfinnur](#)

[Bragfræði](#)

<https://malid.is/>

<https://snara.is/>

[Beinagrindur](#)

[Ritver Háskóla Íslands](#)

[Sögugáttin](#)

<http://skrambi.arnastofnun.is/>

[Málvísir](#)

[Gullvör](#)

[Málebra](#)